

Nr. 076 / 10 Guðmundur rauði RE 37**Vélarbilun og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 7037
Smíðaður: Hafnarfirði 1987 plast
Stærð: 6,2 brl. 4,9 bt.
Mesta lengd: 7,73 m Skráð lengd: 7,65 m
Breidd: 2,68 m Dýpt: 1,44 m
Vél: Ford Mermade 57 kW 1987
Fjöldi skipverja: 1



Guðmundur rauði©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 11. október 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælsyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 9. júní 2010 var Guðmundur rauði RE 37 á handfæraveiðum í Húllinu (Reykjanesröst). Veður: Logn

Bátsverjinn ætlaði að gangsetja vélina en startarinn vildi ekki snúast þrátt fyrir að nægur straumur væri á rafgeymum. Eftir að hafa verið á reki í þrjá tíma dró björgunarskipið Oddur V. Gíslason bátinn og annan bát, Gunna litla HF 44, saman til Grindavíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að startarinn bilaði þrátt fyrir nýlega viðgerð.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.